

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um breytingu á auglýsingu nr. 8/1994, í Lögbirtingablaði um reglur um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.

1. gr.

Liðir A og B í grein 2.1 orðast svo:

A. Eigin vinna byggingaraðila.

- Miða skal við lágmarksendurgjald skv. 3.0.
- Við framangreint bætist álag skv. lið 2.2.

B. Vinna starfsmanna.

- Miða skal við greidd laun, þ.m.t. eru fæðispeningar, fatapeningar, verkfæragjald, ferða- og flutningsgjald o.fl. Þegar ekki er um að ræða launagreiðslur, heldur skiptivinnu o.s.frv., skal miða þennan þátt kostnaðarins við a.m.k. lágmarksendurgjald samkvæmt lið 3.
- Við framangreint bætist álag skv. lið 2.2.

2. gr.

1. Núverandi grein 2.2 fellur brott og í stað hennar kemur ný grein svohljóðandi:

2.2 Álag á laun m.a. fyrir launatengdum gjöldum, föstum kostnaði og ágóða.

Í álagi þessu felast m.a. eftirfarandi kostnaðarliðir: lífeyrissjóðsgjald, sjúkrasjóðsgjald, orlofssjóðsgjald, tryggingargjald, ábyrgðargjald, slysatryggingar, orlof, veikindi, sérstakir frídagar, stjórnunarkostnaður og ágóði.

Margfalda skal greidd laun eða laun ákvörðuð samkvæmt lið 3.0 með eftirfarandi hækkunarstuðlum:

Hækkunarstuðull

a. Sérfræðingar, t.d. arkitektar og verkfræðingar	2,15
b. Iðnaðarmenn og verkamenn á verkstæði	1,67
c. Iðnaðarmenn og verkamenn á byggingarstað	1,46

Sú fjárhæð sem þannig fæst telst skattverð viðkomandi liða.

2. Grein 2.4 verður að grein 2.3. og grein 2.5 verður að grein 2.4.

3. gr.

Í stað fimm fyrstu málsliða í grein 3.0 kemur eftirfarandi:

Liggi almennt gangverð útseldrar vinnu byggingaraðila ekki fyrir skal miða skattverð við lágmarksendurgjald í eftirfarandi gjaldflokkum. Lágmarksverð þetta byggist á reiknuðu endurgjaldi skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum. Orlof er ekki meðtalið þar sem það er hluti álags samkvæmt lið 2.2. Við lágmarksverð skv. þessum lið skal bæta álagi samkvæmt lið 2.2.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 8. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi, og taka gildi 1. júlí 1997.

Reykjavík, 27. júní 1997.

Guðrún Helga Brynleifsdóttir, vararíkisskattstjóri.